Október 2009.

Hestamannafélagið Dreyri – Akranes og Hvalfjarðarsveit.

Félagafjöldi 193

Skýrsla æskulýðsnefndar fyrir starfsár 2009.

Fjölskyldureiðtúr við rætur Akrafjalls í júni, Skarðsheiði í baksýn

Helstu viðburðir í starfi nefndarinnar:

Febrúar:

8. febrúar,sunnudagur. **Fyrsti fundur.**

Þetta var upphafsfundur ársins með nefndarmönnum (Helenu, Ásu og Ragnheiði) og yngri félagsmönnum Dreyra. 13 krakkar á aldrinum 2ja til 17 ára mættu. Óskir og væntingar unga hestafólksins til vetrarstarfsins voru ræddar og skoðaðar yfir léttum kaffiveitingum. Greinilegt að mikill hugur var í knöpunum. Nefndarmenn gerðu uppkast að starfi æskulýðsnefndar næstu vikurnar sem gerði ráð fyrir 14 viðburðum fram á sumar, auk samvinnu við stjórn og aðrar nefndir við framkvæmd á öðrum viðburðum.

Dagskráin var sett á dreifimiða og dreift í öll hesthús á Æðarodda og öllum félagsmönnum sendur miðinn í tölvupósti, auglýst í Heiðarskóla í Hvalfjarðarsveit, svo og stór auglýsing sett á auglýsingastaurinn okkar fína í Æðarodda. Á miðanum voru foreldrar og forráðamenn ungra og efnilegra hestamanna góðfúslega minntir á sína **félagslegu ábyrgð að viðhalda lífi í hestamennsku þeirra sem yngri eru.**

26.febrúar, fimmtudagur. **Fundur æskulýðsnefndar LH** með æskulýðsnefndum hestamannafélaganna á Vesturlandi, haldinn á Æðarodda. Aðeins mættu fulltrúar frá Dreyra á fundinn ásamt hinu góða nefndarfólki LH. Fundurinn var gagnlegur engu að síður.

Mars: 1.mars, sunnudagur, alþjóðlegi æskulýðsdagurinn. **Fjölskyldureiðtúr í Æðarodda.**

Alls riðu úr hlaði 12 knapar, bæði ungir og aðeins eldri. Sjá mátti í hópnum nokkra nýja knapa sem eru að fara í sína fyrstu reiðtúra og stóðu þeir sig mjög vel. Riðinn var hringur um Innstavogsnesið en þangað höfðu fáir í hópnum farið áður þó þeir hafi verið í nábýli við staðinn um nokkurt skeið. Leiðin lá síðan að Einhamri þar sem ábúendur, Hjörleifur og Sif, buðu öllum inn (bæði hestum og knöpum) í hressingu. Frá Einhamri var síðan riðið hratt en tignarlega heim að Æðarodda í ágengu slydduveðri.

Fjölskyldureiðtúr á alþjóðlega æskulýðsdeginum, 1.mars

14.-15.mars. **Æskan og hesturinn í Víðidal.**

Boðið var upp á sameiginlega ferð frá Æðarodda á fyrri sýninguna sunnudaginn 15.mars. Nokkrir Dreyramenn tóku því boði, en annars fóru krakkarnir líka með fjölskyldum sínum á eigin vegum á aðrar sýningar helgarinnar. Einn áhugasamur knapi frá Dreyra tók þátt í skrautreiðinni og var afar stoltur og ánægður með þátttöku sína eins og sjá má af myndinni. Áhugi er hjá nefndinni að fleiri krakkar taki þátt í skrautreiðinni á næsta ári.

Ungur Dreyramaður á Æskan og hesturinn.

22.mars, sunnudagur. **Fjölskyldureiðtúr á Æðarodda**.

Um 15 knapar tóku þátt að þessu sinni, og virðist þátttaka foreldra í viðburðum nefndarinnar vera að aukast. Að þessu sinni var riðið fjöruna í Blautósi og í áttina að Hvítanesi og svo til baka. Þegar reiðtúr var lokið var boðið upp á hressingu í félgasheimilinu.

28.mars, laugardagur. **Sameiginlega árshátið æskulýðsnefnda hestamannafélaga á Vesturlandi**.

Árshátiðin var haldin í félagsheimili Skugga í Borgarnesi. Ágæt þátttaka var frá félugunum og um 50 krakkar mættu til leiks í Borgarnesi, frá Skugga, Faxa, Snæfellingi og Dreyra. 9 börn frá Dreyra tóku þátt ásamt nefndarmönnum. Hvert félag kom með skemmtiatriði, og allir krakkarnir kynntu sig og tóku þátt af lífi og sál. Dreyrakrakkarnir stóðu sig sérlega vel í ógleymanlegri leiksýningu þeirra á Rauðhettu og úlfinum með sérstari textameðhöndlun. Síðan var borðað saman og dansað fram eftir kvöldi, ásamt ýmsum leikjum og glensi. Nefndarmenn eru einhuga um að slíka uppákomu er nauðsynlegt að endurtaka á nýju ári og getur verið mjög góður og skemmtilegri þáttur í meiri samvinnu félaganna á Vesturlandi.

19.apríl, sunnudagur. **Fjölskyldureiðtúr á Æðarodda**.

Eitthvað er farið að þynnast í hópnum eftir páskana en 8 knapar, börn með foreldrum mættu í stuttan en skemmtilegan reiðtúr.

20.- 27.apríl og 4.maí. **Reiðnámskeið með Torunni Hjelvik**.

16 krakkar frá 5 til 17 ára voru skráð á námskeiðið. Krökkunum var skipt í 4 hópa eftir aldri og getu. Gert var ráð fyrir að kennslan færi fram úti í stóra gerðinu en það voru ekki beint léttir vorvindar sem léku við okkur þessa daga.

Frétt af heimasíðu Dreyra: (www.ia.is / hestamennska)

„ Vorreiðnámskeið æskulýðsnefndar Dreyra hófst síðastliðinn mánudag með tilheyrandi slagveðurs rigningu og roki. Svo virðist sem að slík veðurlýsing haldist ávalt í hendur við námskeiðshald fyrir börn og unglinga á Æðarodda. Útlit var fyrir að fyrsta tíma námskeiðsins yrði frestað vegna veðurs.

En að þessu sinni var leikið á veðuryfirvöld því þau sómahjón, Sigurveig Stefánsdóttir og Jón Árnason kennd við Skipaskaga, buðu öllum inn í reiðskemmuna sem nú er í byggingu við hesthúsið þeirra. Mánudagstíminn fór því fram inni í skjóli fyrir veðri, vatni og vindum.

Æskulýðsnefnd Dreyra getur ekki leynt gleði sinni og þakklæti til Sigurveigar og Jóns fyrir húsaskjólið.

Reglulegur aðgangur að reiðskemmu á Æðarodda fyrir börn og unglinga í Dreyra gæti orðið mikil lyftistöng fyrir starfið og er í raun orðið nauðsynlegt ætli félagið að vera samstíga öðrum hestamannafélögum í landinu. Þá væri t.d hægt að bjóða upp á námskeið að vetri til sem ekki er hægt í dag.
Torunn Hjelvik í Steinsholti er kennari námskeiðsins og er aðsókn mjög góð.“

1.maí, fimmtdagur, **Firmakeppni Dreyra.**

Þátttaka í yngri flokkum var með ágætum, eða alls 8 krakkar sem er meira en oft áður. Gaman var að sjá að nokkrir keppendur í barnaflokki mættu í búningum til að lífga upp á

daginn eins og þeirra ástkæra æskulýðsnefnd hafði lagt til. Börnin riðu nokkra hringi á hringvellinum, misvön sýningum og var ekki annað að sjá að þau væru ánægð með lífið og tilveruna og fá að njóta athygli áhorfenda.

Mexíkani, prinsessa og drakúla í barnaflokki á Firmakeppni Dreyra.

3.maí, sunnudagur. **Heimsókn í Steinsholt**.

8 krakkar og nefndarmenn sóttu heim ábúendur í Steinsholti í Hvalfjarðarsveit. En þar býr og starfar, tamningamaðurinn Jakob Sigurðsson og fjölskylda við tamningar. Sumir komu akandi frá Akranesi en aðrir komu ríðandi úr nágrenninu. Torunn Hejlvik og Margrét Jakobsdóttir tóku á móti okkur og skýrði Torunn út fyrir gestum hvað það væri nú sem tamningamenn væru að gera allan daginn. Svaraði hún öllum spurningum fimlega og fróðlega. Einnig sýndi hún okkur nokkrar teymingaræfingar með hesti inni í reiðskemmunni. Gestir fengu svo að skoða alla aðstöðuna og gæddu sér á gómsætum veitingum í kaffistofunni. Takk fyrir móttökurnar.

17.maí, sunnudagur. **Fjölskyldureiðtúr.**
Að þessu sinni mættu bara tveir og fóru þeir að sjálfsögðu í reiðtúr og tóku nokkrar æfingar í gerðinu.

19.maí, þriðjudagur. **Litabók LH og leikir, fyrir 5-10 ára**.
6 börn á aldursbilinu mættu með litina sína og fengu litabækur LH. Eftir rólegheita stund við listsköpun var svo farið í nokkra leiki og allir fengu sér svo að sjálfsögðu hressingu.

24.maí, sunnudagur. **Fjör í gerðinu.**
Nefndarmenn höfðu nokkru áður fjárfest í og safnað að sér t.d timbri í viðeigandi stærðum, málningu, sementi, plastfötum, plastflöskum, 10 rafgriðingarstaurum og 200 m snúrubandi.

Síðan var tekið til við að útbúa búnað fyrir hina ýmsu þrautir. Nelgdar voru saman undirstöður fyrir hindrunarstökk og/eða brokkspýrur, rafgirðingarstaurarnir steyptir ofan í plastföturnar, og allt málað og merkt félaginu. Þennan sunnudag var síðan sett upp þrautabraut í stóra gerðinu, sem gekk út á að leysa ýmsar þrautir á hestbaki, s.s að setja lítinn stein í plastflösku sem hékk við gerðið, stökkva yfir lágar hindranir og fara í gegnum „völundarhús“ Að þessu loknu var skipt í 2 lið og farið í hestafótbolta. Boltinn sem var notaður er gamall „jóga/sjúkraþjálfunar“-bolti. Í fyrstu voru hrossin hálffeimin við boltann en eftir örskamma stund voru allir farnir að taka þátt og gaman var að fylgjast með hvernig ólíkar hesttýpur brugðust skemmtilega við þessum nýja leik. Hestgerðir sem fyrirfram virtust ekki best til fótboltaiðkunar fallnar komu ótrúlega á óvart og sýndu mikinn áhuga á að komast í tæri við boltann. Í það minnsta var þetta hin besta skemmtun fyrir unga og aldna. Í heild tóku 12 manns, börn+fullorðnir, þátt.

28.maí, fimmtudagur.

Æfing yngri flokka fyrir gæðingamót Dreyra. Nefndin bað Valdimar M. Ólafsson gæðingadómara og Dreyrafélaga til að leiðbeina keppendum sem skráðir voru til leiks á gæðingamóti Dreyra. 8 keppendur frá aldrinum 10 – 21 árs þáðu þessa leiðsögn. Mikið var í húfi þar sem gæðingamótið (30.maí) var einnig úrtaka Dreyra fyrir fjórðungsmótið á Kaldármelum. Æfingin tókst vel og þó nokkrar væntingar um vænlegt gengi farnar að svífa um kollinn á keppendum. Æskulýðsnefndin þakkar Valdimar kærlega fyrir aðstoðina.

30.maí, laugardagur. **Gæðingakeppni Dreyra.**

10 skráningar voru í heild í yngri flokkum (barna,-unglinga – og ungmennaflokki). Frammistaða yngri keppenda var mjög góð og náðu efstu sætin góðum einkunum.

Efstu keppendur í barnaflokki á gæðingamóti Dreyra., Þorsteinn, Logi og Arnór.

Júní.

5.-7.júní. fös – sun. Hestahelgi á Æðarodda.

Dagskrá þessarar helgar var byggð upp af ýmsum uppákomum s.s útreiðar, þrautir, fjölskyldureiðtúrum, hestafótbolti og samvera. Þátttakendur voru um 15-20, á aldursbilinu 6-15 ára ásamt foreldrum, en áhugi þeirra á starfinu hefur aukist mikið í vetur.

Á föstudagskvöldi var farið í þrautaleiki í gerðinu á hestbaki og útreiðar að því loknu við rætur Akrafjalls og næsta umhverfi Æðarodda. Ekki var brugðið út af vananum að þessu sinni og allir fengu létta næringu í félagsheimilinu.

Á laugardegi var farið í hindrunarstökk og hestafótbolta. Það var ánægjulegt að sjá hvernig óöryggir knapar og hestar þeirra tóku stórstígum framförum við að ríða yfir nokkrar brokkspýrur sem lágu á jörðinni og upp í það að stökkva yfir hindranir í ca. hálfs meters hæð. Eftir að krakkarnir voru farnir að ná tökum á þessu var erfitt að fá þau til að hætta. Hestafótboltinn var ævintýralega skemmtilegur sem fáir gleyma er þátt tóku ☺. Og þegar að leikar stóðu í 4-5, fyrir hinu liðnu þá sprakk boltinn. (ekki er ljóst hvernig leikar hefðu farið annars... !) En alveg er ljóst að nefndin þarf að útvega annan slíkan (eða nokkra) fyrir næsta ár. Að þessari skemmtun lokinni var sest í góðri lautu og allur hópurinn nærði sig á góðu nesti.

Hluti laugardags-hópsins fær sér næringu í Æðarodda að loknum frábærum degi.

Á sunnudegi var farið í góðan reiðtúr í fjörunni í Blautós út að Hvítanesi, þar sem nestað var í sandinum og svo riðið heim. Þar sem að reiðtygin voru orðin heldur óhrein var svo sett upp kennslustund í hvernig á að þrífa reiðtygi og bera á þau á eftir. Allir knapar, stórir og minni, þrifu sín reiðtygi bæði hnakk og beisli og báru leðurfeiti á á eftir. Eftir restina af kókómjólk og kexi var svo þessari frábæru helgi lokið og allir fóru brosandi heim.

Ungir og eldri Dreyramenn að leggja af stað í reiðtúr á Hestahelginni í júní.

júní- Æfingar fyrir fjórðungsmót.

Nefndin fékk Lárus Hannesson reiðkennara úr Stykkishólmi til að koma og aðstoða keppendur Dreyra í yngri flokkum, 10 – 21 árs, fyrir fjórðungsmótið. Lárus kom þrisvar sinnum til okkar á Æðarodda í júní og síðan fengu allir æfingar með honum á Kaldármelum fyrir keppni.

Fjórðungmót á Kaldármelum, 2.-5.júlí.

Keppendur Dreyra: Barnaflokkur: Þorsteinn Már Ólafsson, Logi Örn Axel Ingvarsson og Arnór Hugi Sigurðarson, Unglingaflokkur: Svandís Lilja Stefánsdóttir, Ungmennaflokkur: Valdís Ýr Ólafsdóttir, Jón Ottesen og Guðbjartur Þór Stefánsson. Frammistaða þeirra í brautinni var öll með ágætum en heppnin var þó ekki alveg með öllum í liði og með örlítilli lukku hefði árangurinn getað orðið stórglæsilegur. Hæst ber árangur Valdísar Ýrar sem varð í 2.sæti í ungmennaflokki. Fulltrúar Dreyra í hópreið mótsins voru að stærstum hluta yngri knaparnir sem voru félaginu til mikils sóma.

Frá hópreið félaganna á fjórðungsmóti. Ungir Dreyramenn, Jón, Svandís Lilja og Guðbjartur. Á myndina vantar Þorstein Má og Arnór Huga.

Október. Gert var ráð fyrir í starfsáætlun 2009 að halda námskeið í höfuðleðra- og einfaldri reiðtygjagerð nú í október, fyrir alla fjölskylduna. Búið var að ráða Jón Sigurðsson söðlasmið í Garðabæ til verksins. Nú hefur verið ákveðið að fresta því námskeiði fram yfir áramót og halda það í samvinnu við fræðslunefnd félagsins.

Samantekt.

Starfið á árinu 2009 hefur í heild gengið vel. Alla vega er ljóst að það er að verða meiri almennur áhugi hjá foreldrum að taka þátt í skipulögðum viðburðum nefndarinnar og fleiri börn sjást með foreldrum sínum á hestbaki í hestahúsahverfinu á Æðarodda. Það er von og vísir að enn meiri þátttöku barnanna og foreldrum þeirra í starfinu. Börn á aldursbilinu 5-12 ára er fjölmennastur í starfinu, (ca 10-15) en unglingarnir eru heldur fáliðaðir eins og er(2-4). Ungmennin hafa verið virk og dugleg undanfarin ár, en nú eru þau flest að vaxa upp úr þeim aldursflokki og miðað við núverandi þátttöku ungs fólks á bilinu 18-21 árs, má búast við hálfgerðu tómarúmi í þeim flokki næstu ár. Æskulýðsnefnd Dreyra hefur reynt hvað hún getur til að búa til umgjörð og starfsemi til að taka á móti áhugasömum ungum hestamönnum og reynt að virkja áhuga þeirra enn meira með fjölbreyttu starfi. Við höfum búið við hálfgert aðstöðuleysi (miðað við önnur félög) hvað varðar námskeiðahald inni. En nú er bjartara framundan þegar reiðskemma í einkaeigu er risin í Æðarodda og vonumst við innilega eftir góðu samstarfi við reiðskemmueigendur í framtíðinni. Á reiðnámskeiðinu í vor sýndi það sig berlega hversu mikill fjárstjóður slík aðstaða er fyrir starf með börnum og unglingum allan ársins kring.

Með von um gott starf á nýju ári.

Æskulýðsnefnd Dreyra.

Ása Hólmarsdóttir, Helena Bergström og Ragnheiður Stefánsdóttir.

Allir saman í reiðtúr á góðri stund á góðum degi, upp við Akrafjall, séð í norður. 6.júní 2009.